

Nd.

306. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, þeir Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal og Jónas Pétursson, vill afgreiða frv. óbreytt. Minni hlutinn mælir með samþykkt þess, en gerir þó breytingartill., er hann flytur á sérstöku þingskjali.

Minni hlutanum er ljóst, að íslenskur landbúnaður stendur nú á tímamótum, og veltur því á miklu fyrir framtíð bændastéttarinnar, hvaða stefnu löggjafarvaldið hefur varðandi þennan elzta atvinnuveg þjóðarinnar, sem enn er og mun verða einn þýðingarmesti atvinnuvegur hennar. Efnahagskerfið, sem núverandi valdhafar innleiddu hér fyrir fjórum árum, hefur samfara mikilli aflasæld fiskiflotans og eftirspurn eftir vinnuafli leitt af sér mjög öra fólksflutninga úr sveitunum. Efnahagskerfið hefur spennt fjárfestingar- og fjármagnskostnaðinn upp úr öllu hófi. Dýrtíðarflóðið hefur gert ungu fólki ókleift að eignast jarðir, byggja hús, kaupa bústofn og vélar. Jarðir, jafnvel í hinum beztu sveitum, hafa af þessum sökum farið í eyði, og yfir fjölda jarða í viðbót vofir sú hætta að leggjast í eyði, þegar þeir, sem þar búa enn, verða vegna elli eða af öðrum ástæðum að hætta búskap.

Eftir því sem sveitabyggðir grísjast og bændum fækkar, því erfiðara verður fyrir þá, sem eftir eru, að haldast við. Þeir, sem burt flytjast eftir langan búskap, mega margir horfa á ævistarf sitt verða að engu, þegar enginn vill lengur eða getur keypt eignirnar. Hér þarf þjóðfélagið skjótlega að koma til og leggja fram þá aðstoð, bæði með fjármagni og fyrirgreiðslu, er stöðvað geti hina yfirvofandi eyðingu frjósamra sveita.

Það mun hafa verið talið, að eðlilegt væri, að ábúendaskipti færu árlega fram á 300 bændabýlum. Það þarf að hjálpa ungu fólki til þess að hefja búskap á þessum 300 býlum árlega.

Beztu hjálpin og sú, sem þjóðinni allri kæmi að mestu gagni í þessu efni, væri það, ef ríkisvaldið gæti minnkað verulega fjármagnskostnað frumbýlinganna.

Framsóknarflokknum er ljóst, að ef hér á að þróast frjáls og farsæl bændastétt, sem auðvitað er þjóðarnauðsyn, þá verður ríkisvaldið að styðja öfluglega frumbýlinga og þá bændur, sem aftur úr hafa dregið með framkvæmdir á jörðum sínum. Þetta frv. er að vísu spor í þá átt, sem ber að stefna að, en að dómi minni hlutans nær það allt of skammt.

Fyrir hinu háa Alþingi, er nú situr að störfum, liggur fjöldi frumvarpa og tillagna, er þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram og miða að því að stöðva flóttann frá landbúnaðinum og efla þá, sem vilja búa. Í þessum þingmálum kemur

fram landbúnaðarmálastefna flokksins. Er rétt að draga hér saman í stuttu yfirliti helztu tillögur framsóknarmanna, er snerta beint eða óbeint landbúnaðinn.

Fyrst er að nefna frumvarpið um allsherjar vaxtalækkun og að hætt verði að draga saman spariskildinga almennings í Seðlabankann og halda þeim bundnum þar. Fyrsta og æðsta boðorð þeirra, er stýra efnahagsmálum, á að vera það, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar — landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður — hafi hófleg vaxtakjör.

Hér skal getið hins gagnmerka frumvarps um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Er þar gert ráð fyrir skipulegum rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi, þar sem fólksfækkun á sér stað. Jafnvægissjóður, sem á að hafa hinn fjárhagslega stuðning með höndum, á að fá árlega 1½% af tekjum ríkissjóðs. Norðmenn hafa með hliðstæðum ráðstöfunum hjá sér bjargað stórum landshlutum frá því að fara í eyði.

Frumvarp framsóknarmanna í efri deild um bústofnslánasjóð sýnir bezt, hvernig flokkurinn vill láta löggjafarvaldið koma til liðsinnis við frumbýlinga og efnalitla bændur með lánum á hóflegum vöxtum til bústofns- og vélakaupa.

Þá hafa allir þingmenn framsóknarflokksins í efri deild flutt frumvarp um samvinnubúskap, en samvinnubúskapur er ein leiðin til þess að létta störf bændanna og koma í veg fyrir, að fólki fækki og jarðir eða jafnvel heilar sveitir fari í eyði. Í því frv. er meðal annars lagt til, að 10 millj. kr. verði varið úr ríkissjóði á ári í næstu 10 ár til stuðnings samvinnubúskap og hafi Landnám ríkisins með höndum yfirstjórn þessara mála og úthlutun fjárins.

Þá er einnig frumvarp allra þingmanna Framsóknarflokksins í efri deild um að afnema bændaskattinn til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en í staðinn leggi ríkissjóður fram aukið fé til deildarinnar, er skattinum nemur. Þá er einnig gert ráð fyrir, að Seðlabankanum verði skylt, ef ríkisstjórnin óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans ekki minna en 50 milljónir gegn 5% vöxtum, er endurgreiðist á 20 árum, enn fremur að veðdeildinni verði heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og að veðdeildin geti gert það að skilyrði fyrir lánveitingum til jarðakaupa, að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum. Næði þetta fram að ganga, þá mundi það mjög auðvelda, að eigendaskipti geti farið fram á jörðum.

Í efri deild hafa framsóknarmenn flutt frv., þar sem lagðar eru til hinar sömu breytingar á stofnlánadeildarlögunum og þær, sem ríkisstjórnin hefur nú borið fram með frv. sínu á þingskjali 235. Þó gerir frv. framsóknarmanna ráð fyrir 65% framlagi af ræktunarkostnaði til þeirra, sem hafa minna tún en 25 ha., í stað 50% í frv. ríkisstjórnarinnar. Hefur minni hlutinn tekið upp tillöguna um 65% af ræktunarkostnaðinum og ber hana fram á sérstöku þingskjali ásamt öðrum breytingartillögum sínum.

Fyrir þessu þingi liggja mörg fleiri frumvörp og tillögur frá framsóknarmönnum landbúnaðinum til stuðnings. Má þar m. a. nefna frv. um heftingu sandfoks og græðslu lands. Er þar gert ráð fyrir öflugri sókn til að bæta og stækka gróðurriki landsins og koma í veg fyrir landeyðingu af völdum ofbeitar eða ágangs náttúruaflanna.

Margar tillögur til þingsályktunar liggja einnig fyrir hinu háa Alþingi fluttar af framsóknarmönnum málefnum bændastéttarinnar til framdráttar.

Ein þeirra er um búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl.

Önnur er um aukin ríkisframlög til súgurrkunar og votheysgerðar.

Hin þriðja er um, að athugað verði, af hverju góðar bújarðir fara í eyði, og um ráðstafanir til að halda hlunnindajörðum í ábúð.

Hin fjórða fjallar um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánunum.

Hin fimmta er um nýja rafvæðingaráætlun, og skal sú áætlun við það miðuð, að rafvæðingu sveitanna verði að fullu lokið á árinu 1968 og þá hafi öll sveitabýli fengið raforku.

Landbúnaðarstefna Framsóknarflokksins er skýrt mörkuð með flutningi þeirra mála, er hér að framan hefur stuttlega verið dregið á, og með þeim breytingartillögum, er minni hlutinn flytur. Veigamesta breytingartillagan er um 25 milljón króna framlag úr ríkissjóði árlega í næstu 5 ár til aukningar á tæknibúnaði og vélvæðingu landbúnaðarins.

Þeir bændur, sem eiga eftir að vélvæða búskapinn, þurfa fljótt á aðstoð að halda, og frumbýlingarnir verða að fá hjálp til að geta hafið búskap, jafnóðum og hinir eldri hætta, og til þess að taka strax véltæknina í þjónustu atvinnurekstrarins. Minni hlutinn leggur til, að 25 millj. kr. á ári á næstu 5 árum verði lánaðar til vélvæðingar og tæknibúnaðar í sveitum og að lánin verði til 30 ára með 2% vöxtum.

Þá leggur minni hlutinn til, að sérstakur kafli í stofnlánadeildarlögunum verði um bústofnslán. Er ríkissjóði gert að veita óafturkræft framlag, 40 millj. kr., á næstu 8 árum með 5 millj. kr. framlagi á ári, og enn fremur er Stofnlánadeildinni heimilað að taka 60 millj. kr. lán, sem fjármálaráðherra ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs. Þetta fé er síðan lagt til að lánað verði frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa með þeim skilmálum, sem nánar eru tilgreindir.

Alþingi, 22. febr. 1964.

Ágúst Þorvaldsson.